



Kópavogsbær  
Digranesvegi 1  
200 Kópavogur

Reykjavík 19. apríl 2023  
Tilv.: MRN23030091/6.22.0

Efni: Ósk um tilnefningu í stýrihóp verkefnanna Barnvæn sveitarfélög og Réttindaskóli og -frístund

Mennta- og barnamálaráðuneyti óskar eftir tilnefningu í stýrihóp verkefnanna Barnvæn sveitarfélög og Réttindaskóli og -frístund. Hópurinn er skipaður á grundvelli þingsályktunartillögu um Barnvænt Ísland, framkvæmd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, og samstarfssamnings UNICEF á Íslandi og mennta- og barnamálaráðuneytisins um framkvæmd verkefnanna. Stýrihópurinn verður skipaður fulltrúum mennta- og barnamálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, UNICEF á Íslandi, Menntavísindasvið Háskóla Íslands auk fulltrúa Barnvænna sveitarfélaga og Réttindaskóla og -frístundar og Réttindaskóla UNICEF á leikskólastigi. Gert er ráð fyrir að hópurinn starfi til 31. desember 2024.

Barnvæn sveitarfélög er verkefni sem styður sveitarfélög við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla stjórnsýslu og starfsemi en hugmyndafræði Barnvænna sveitarfélagabyggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities. UNICEF á Íslandi og mennta- og barnamálaráðuneytið (áður félagsmálaráðuneyti) hafa verið samstarfsaðilar við innleiðingu þess frá árinu 2019. Í dag eru 21 sveitarfélög þátttakendur í verkefninu, í öllum landsfjórðungum, og nær því til rúmlega helmingis allra barna á Íslandi. Verkefnið Réttindaskóli og -frístund styður menntastofnanir við innleiðingu Barnasáttmálans í starfsemi þeirra og byggir á heildarskólanálgun og réttindafræðslu fyrir börn og fullorðna. UNICEF á Íslandi hefur unnið að verkefninu síðan árið 2016 og nú eru 85 leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar þátttakendur í verkefninu. Þar af hafa 29 aðilar hlotið formlega viðurkenningu. Stýrihópurinn er formlegur vettvangur mennta- og barnamálaráðuneytisins og UNICEF á Íslandi, sem hefur eftirlit með verkefnum og tryggir gæði þeirra, ásamt því að fara yfir lokaskýrslur, úttektir og veitingu viðurkenninga til sveitarfélaga og menntastofnana. Stýrihópurinn fundar ársfjórðungslega og setur sér verklagsreglur.

Þess er hér með óskað að Kópavogsbær tilnefni einn fulltrúa í stýrihópinn. Ákjósanlegt er að tilnefndir aðilar hafi þekkingu eða reynslu af því að vinna að verkefnum Barnvænna sveitarfélaga eða Réttindaskóla/-frístundar eða af því að vinna að innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Ráðuneytið vekur athygli á 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að það er ekki mögulegt. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir tilnefningu og skipun fólks með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Hlutfall kvenna skal þó aldrei vera minna en 40%. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Með skírskotun til þessa ákvæðis er óskað eftir að tilnefndir verði tveir einstaklingar, hvor af sínu kyni. Ráðherra skipar í samráðshópinn og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal þá skýra ástæður þess.

Mennta- og barnamálaráðuneyti greiðir ekki sérstaklega fyrir störf í stýrihópnum.

Mælst er til þess að tilnefningin berist ráðuneytinu hið fyrsta og eigi síðar en 10. maí nk. Vinsamlegast látið kennitölu, heimilisfang og netfang tilnefndra aðila fylgja. Ef svar sendist ráðuneytinu í tölvuskeyti þá vinsamlegast sendið á **mrn@mrn.is**.

Fyrir hönd ráðherra

  
Áslaug Magnúsdóttir

  
Sunna Viðarsdóttir